


# Viðskiptavinavildaráætlun Zinzino

## Hvernig virkar þetta?

| 1. | 2. |
| --- | --- |
| **Komdu í viðskipti við Zinzino** | **Vinndu þér inn ZinoCash fyrir hverja pöntun sem greitt er fyrir** |
| Viðskiptavinur leggur inn pöntun á zinzino.com | Þar sem viðskiptavinir vinna sér inn ZinoCash í tveimur vildarstigum geta þeir innleyst þau í skiptum fyrir Zinzino vörur |

Viðskiptavinir Zinzino geta unnið sér inn ZinoCash með hverri pöntun sem greitt er fyrir. Upphæðin safnast fyrir á svæðinu þeirra undir „Minn aðgangur“ og er uppfærð daglega. Síðan er hægt að nota það til að leysa út Zinzino vörur.

√ **Fyrsta vildarþrep**: Viðskiptavinir vinna sér inn ZinoCash með hverri pöntun sem greitt er fyrir (ásamt sendingarkostnaði). Sendingarkostnaður sem viðskiptavinurinn greiðir jafngildir sömu upphæð í ZinoCash og henni er safnað saman og bætt við undir „Minn aðgangur“.

Dæmi: Ef viðskiptavinur greiðir 7 EUR í sendingarkostnað þá fær hann 7 í ZinoCash.

√ **Annað vildarþrep:** Viðskiptavinir eiga rétt á 2. þrepi fyrir sjöundu hverja mánaðarlega pöntun sem þeir gera og fá 10% af heildarpöntuninni til baka í ZinoCash, auk ZinoCash sendingarvildarupphæð viðskiptavina (1. þrep).

**Dæmi:** Viðskiptavinur gerist áskrifandi að vöru fyrir €40, hann bætir við vöru fyrir €30 og sendingarkostnaður fyrir þá pöntun er €5.  €40 + €30 + €5 = €75 * 10% Vildarupphæð = €7,5 + €5 í sendingarkostnað = €12,5 ZinoCash mun safnast upp á svæðinu „Minn aðgangur" hjá viðskiptavini og hægt er að innleysa það síðar í skiptum fyrir ókeypis vörur.

**Ef pöntuð eru Prepaid Kit**, er hægt að vinna sér inn stig á 2. þrepi ef viðskiptavinirnir setja upp Premier áskrift eða kaupa staka hluti sem hluta af næstu pöntun. Prepaid viðskiptavinir eiga ekki rétt á 2. þrepi ef næsta pöntun þeirra er nýtt Prepaid Kit.




All your paid shipping costs will be refunded to you in ZinoCash + From your 7th order you get 10% back in ZinoCash

## Að nota ZinoCash til að leysa út vörur

**1.**

**Að safna ZinoCash**

Viðskiptavinur þarf að safna nægu ZinoCash til að standa straum af öllum pöntunarkostnaði

**2.**

**Velja vörur**

Búðu til lista eða settu inn pöntun á netinu með greiðslumöguleikanum „borga síðar" fyrir valdar Zinzino vörur

**3.**

**Hafa samband við þjónustuver**

Hafðu samband við þjónustuver á viðkomandi markaðssvæði

**4.**

**Prófa nýjar vörur**

Fáðu vörur þínar með næstu vöruafhendingu eða fáðu þær sendar strax

- Hægt er að nota ZinoCash til að kaupa vörur úr Zinzino vörulínunni og það á aðeins við um kaup á stökum vörum. Vinsamlegast athugaðu að ekki er hægt að nota ZinoCash til að greiða kostnað við áskriftarpantanir viðskiptavina eða Premier Kit pantanir.

- Viðskiptavinir eiga tvo möguleika á að hefja innlausnarferlið. Þeir geta annað hvort lagt inn pöntun á netinu og valið greiða síðar eða sett saman lista yfir þá hluti sem þeir ætla að kaupa. Í báðum tilvikum verður viðskiptavinurinn að hafa samband við þjónustuver á viðkomandi markaðssvæði. Þjónustuteymið mun leiða viðskiptavininn í gegnum ferlið við að innleysa ZinoCash og gera honum kleift að ganga frá kaupunum.

- Það er ekki hægt að nota ZinoCash til að greiða fyrir vörur að hluta. Greiðslan sem fer í gegnum ZinoCash þarf að standa undir öllum kostnaði við pöntunina, sem felur í sér sendingarkostnað.

  **Til dæmis,** ef viðskiptavinur er með 200 ZinoCash þá getur hann notað þá upphæð til að greiða fyrir pantanir sem jafngilda 200 EUR eða innan við 200 ZinoCash.



# Viðskiptavinavildaráætlun Zinzino: Notkunarskilmálar

1. nóvember 2023

## Um viðskiptavinavildaráætlun Zinzino

Viðskiptavinavildaráætlun Zinzino er okkar leið til að tjá dyggum viðskiptavinum þakklæti okkar fyrir áframhaldandi stuðning og fyrir að velja vörur okkar. Viðskiptavinir Zinzino sem taka þátt í áætluninni geta unnið sér inn og safnað „ZinoCash" sem hægt er að nota til að kaupa vörur frá Zinzino. Þessi áætlun er í boði á öllum markaðssvæðum fyrir utan Bandaríkin og Kanada.

## Að taka þátt í viðskiptavinavildaráætlun Zinzino

Til að taka þátt í viðskiptavinavildaráætlun Zinzino þarf viðkomandi að gerast viðskiptavinur Zinzino með því að leggja inn pöntun í gegnum www.zinzino.com.

## Að vinna sér inn ZinoCash

Viðskiptavinir Zinzino geta unnið sér inn ZinoCash með hverri pöntun sem greitt er fyrir og upphæðin safnast fyrir undir „Minn aðgangur" og er uppfærð daglega. Viðskiptavinavildaráætlunin skiptist í tvö vildarþrep.

1. **Fyrsta vildarþrep:** Viðskiptavinir vinna sér inn ZinoCash með hverri pöntun sem greitt er fyrir (ásamt sendingarkostnaði). Sendingarkostnaður sem viðskiptavinurinn greiðir jafngildir sömu upphæð í ZinoCash og henni er safnað saman og bætt við undir „Minn aðgangur".

   **Dæmi:** Ef viðskiptavinur greiðir 7 EUR í sendingarkostnað þá fær hann 7 í ZinoCash.

2. **Annað vildarþrep:** Viðskiptavinir eiga rétt á 2. þrepi fyrir sjöundu hverja mánaðarlega pöntun sem þeir gera og fá 10% af heildarpöntuninni til baka í ZinoCash, auk ZinoCash sendingarvildarupphæð viðskiptavina (1. þrep).

   **Dæmi:** Viðskiptavinur gerist áskrifandi að vöru fyrir €40, hann bætir við vöru fyrir €30 og sendingarkostnaður fyrir pöntunina er €5. €40 + €30 + €5 = €75 * 10% Vildarupphæð = €7,5 + €5 í sendingarkostnað = €12,5 ZinoCash mun safnast upp á svæðinu „Minn aðgangur" hjá viðskiptavini og hægt er að innleysa það síðar í skiptum fyrir ókeypis vörur.

Ef pöntuð eru Prepaid Kit þá er hægt að vinna sér inn stig á 2. þrepi ef viðskiptavinirnir setja upp Premier áskrift eða kaupa staka hluti sem hluta af næstu pöntun. Prepaid viðskiptavinir eiga ekki rétt á 2. þrepi ef næsta pöntun þeirra er nýtt Prepaid Kit.

## Gengi ZinoCash

Vildarupphæð fyrir sendingarkostnað jafngildir þeirri upphæð sem greidd er í sendingarkostnað með gjaldmiðli viðkomandi lands. Til dæmis: ef 5 evrur eru greiddar fyrir sendinguna þá fást 5 ZinoCash, 120 CZK = 120 ZinoCash, 1000 HUF =1000 ZinoCash, 50 SEK = 50 ZinoCash, 50 NOK = 50 ZinoCash.

## Undanþágur frá öflun ZinoCash

Viðskiptavinir munu ekki vinna sér inn ZinoCash fyrir kaup sem fara fram í Tyrkland, Bandaríkjunum, Kanada eða fyrir pantanir á Prepaid Kit settum.

## Skil á vörum

Fyrir upplýsingar um hvernig Zinzino meðhöndlar skil á vörum, lesið almenna notkunarskilmála.
Það gæti haft áhrif á ZinoCash stöðu viðskiptavinar ef vörum er skilað eða ef viðskiptavinur ógildir kaup. slíkum tilvikum mun Zinzino draga frá ZinoCash upphæð sem viðskiptavinurinn hafði unnið sér inn fyrir viðkomandi kaup og það gæti leitt til neikvæðrar ZinoCash stöðu á reikningi viðskiptavinar.

## Gildistími ZinoCash

Nema annað sé tekið fram er ZinoCash sjálfkrafa bætt við reikning viðskiptavinarins innan sólarhrings (24 klst.) frá því að viðskiptavinur lauk við gjaldgeng kaup. ZinoCash rennur ekki út hjá viðskiptavinum í virkum viðskiptum.

ZinoCash viðskiptavinarins mun renna út 12 mánuðum eftir síðustu pöntun viðskiptavinarins eða eftir að áskrift viðskiptavinarins er sagt upp, hvort sem kemur fyrst.

Ef reikningi viðskiptavinar er lokað eða hann gerður óvirkur, verður uppsafnaðri ZinoCash inneign viðskiptavinarins eytt.

Viðskiptavinir geta farið á https://www.zinzino.com/shop/site/GB/en-US/login/Login til að skoða og fylgjast með eigin ZinoCash inneign, ásamt hvers kyns viðbótarfríðindum sem viðskiptavinirnir eiga rétt á sem meðlimir í viðskiptavinavildaráætlun Zinzino.

## Að nota ZinoCash til að leysa út vörur

Hægt er að nota ZinoCash til að kaupa vörur úr Zinzino vörulínunni og það á aðeins við um kaup á stökum vörum.
Vinsamlegast athugaðu að ekki er hægt að nota ZinoCash til að greiða kostnað við áskriftarpantanir viðskiptavina eða Premier Kit pantanir.

Viðskiptavinir eiga tvo möguleika á að hefja innlausnarferlið. Þeir geta annað hvort lagt inn pöntun á netinu og valið greiða síðar eða sett saman lista yfir þá hluti sem þeir ætla að kaupa. báðum tilvikum verður viðskiptavinurinn að hafa samband við þjónustuver á viðkomandi markaðssvæði. Þjónustuteymið mun leiða viðskiptavininn í gegnum ferlið við að innleysa ZinoCash og gera þeim kleift að ganga frá kaupunum.

Það er ekki hægt að nota ZinoCash til að greiða fyrir vörur að hluta. Greiðslan sem fer í gegnum ZinoCash þarf að standa undir öllum kostnaði við pöntunina, sem felur í sér sendingarkostnað.

Til dæmis, ef viðskiptavinur er með 200 ZinoCash þá getur hann notað þá upphæð til að greiða fyrir pantanir sem jafngilda 200 EUR eða innan við 200 ZinoCash.

Fyrir pantanir þar sem viðskiptavinur innleysir ZinoCash upphæðina sína, mun hann ekki vinna sér inn meira ZinoCash fyrir viðkomandi pöntun.

## Aðrar mikilvægar upplýsingar fyrir viðskiptavini

Ekki er hægt yfirfæra ZinoCash eða ZinoCash vildarþrep yfir á reikning annars viðskiptavinar.

Ef viðskiptavinur tekur þátt í ólöglegu athæfi þá áskiljum við okkur rétt til að grípa til viðeigandi aðgerða.

Fylgst er með öllu grunsamlegu eða óleyfilegu athæfi og það kann að vera að við fjarlægjum ZinoCash af reikningum viðskiptavina ef þörf krefur.